

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild fagnar fram komnu frumvarpi til laga um þjóðkirkjuna á þingskjali 996.

Með frumvarpinu er haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð var með núgildandi lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Með frumvarpinu er þó lagt til að lög um þjóðkirkjuna verði styttn mjög og þau einfölduð. Þannig öðlast þjóðkirkjan mun meira sjálfstæði en nú er en um leið aukna ábyrgð sem er vel. Virðist frumvarpið rúmast vel innan þeirra marka sem nú er eðlilegt að miða við í löndum þar sem tengsl ríkis og kirkju er með líkum hætti og raun er á hér á landi. Þá þróar frumvarpið þessi tengsl í líka átt og gert hefur verið í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi upp á síðkastið.

Ástæða virðist til að staldar við eina grein frumvarpsins, þ.e. 4 gr. sem hljóðar þannig:

4. gr.

*Jafnræði og lýðræði.*

Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis.

Þarna er gerður áskilnaður um að þjóðkirkja haldi í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis. Slíkt er að sjálfsögðu mikilvægt. Áhorfsmál er á hinn bóginn hvort ekki þurfi að bæta hér við þriðja atriðinu þar sem eru vandaðir stjórnsýsluhættir. Verði frumvarpið að lögum verður þjóðkirkjan ekki bundin af stjórnsýslulögum. Vegna stærðar hennar, umfangs og stöðu er á hinn bóginn mikilvægt að hún hagi stjórnar- og starfsháttum sínum sem mest í anda þeirra og að ekki sé gefin afsláttur í því efni þótt kirkjan verði sjálfstæðari. Greinin gæti þá hljómað þannig:

4. gr.

*Jafnræði, lýðræði og stjórnsýsla.*

Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis, lýðræðis og vandaðra stjórnsýsluhátta.

Eða:

4. gr.

*Jafnræði, lýðræði og stjórnsýsluhættir.*

Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis.

Þjóðkirkjan skal starfa í anda gildandi stjórnsýslulaga.

Eða:

4. gr.

*Jafnræði, lýðræði og stjórnsýsluhættir.*

Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis.

Þjóðkirkjan skal eftir því sem við getur átt starfa í anda gildandi stjórnsýslulaga hverju sinni.

Reykjavík, 22. mars 2021,  
Sólveig Anna Bóasdóttir, deildarforseti

## Viðbótarumsögn um þingmál 587 – heildarlög um þjóðkirkjuna.

Sendandi: Kristinn Jens Sigurþórsson

Ástæða er til að benda allsherjar- og menntamálanefnd þjóðkirkjunnar á eftirfarandi tölvupóstssamskipti, er undirritaður átti við dómsmálaráðuneytið á dögnum, þar sem ráðuneytinu var bent á það misræmi sem er að finna í fyrirbyggjandi frumvarpi um þjóðkirkjuna og þeim frumvarpsdrögum er áður höfðu verið lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda.

Eftirfarandi tölvupóstur var sendur dómsmálaráðuneytinu þann 29. apríl sl.:

**Frá:** Kristinn Jens Sigurthorsson <[kristinnjens@icloud.com](mailto:kristinnjens@icloud.com)>  
**Sent:** fimmtudagur, 29. apríl 2021 11:54  
**Til:** Berglind Bára Sigurjónsdóttir <[berglind.b.sigurjonsdottir@dmr.is](mailto:berglind.b.sigurjonsdottir@dmr.is)>  
**Afrit:** Fanney Óskarsdóttir <[fanney.oskarsdottir@dmr.is](mailto:fanney.oskarsdottir@dmr.is)>  
**Efni:** Varðar 587. þingmál - BRÝNT

Til þeirra er málið varðar hjá dómsmálaráðuneytinu.

Góðand dag!

Rík ástæða er til að benda á að misræmis gætir í bráðabirgðaákvæði frumvarps til þjóðkirkjulaga, er nú liggur fyrir Alþingi (þingmál 587 á yfirstandandi þingi), og þeirra frumvarpsdraga er lögð voru fram í samráðsgátt stjórnvalda (og áður höfðu verið samþykkt á kirkjuþingi). Engin skýring er sett fram í athugasemdum frumvarpsins varðandi þetta misræmi og vekur þessi breyting ýmsar spurningar.

Í 1. mgr. þess bráðabirgðaákvæðis frumvarpsins, sem nú er fyrirbyggjandi, er notast við orðalagið „...var skipað í embætti **samkvæmt** lögum um réttindi starfsmanna ríkisins...“ en það er hvorki það sama og finna má í frumvarpsdrögum í samráðsgáttinni né er það í samræmi við 2. mgr. 19. gr. nr. 153/2019 en í báðum þeim tilvikum er notað orðalagið „...sem var skipað í embætti í **skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996**...“

Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, sem nú liggur fyrir Alþingi, má ætla að horfið sé frá því að vísa til þess að ákvæðið eigi að tryggja rétt allra þeirra sem skipaðir hafa verið í embætti í **skilningi** starfsmannalaga og í þess stað er komið orðalag sem ætla má að nái einungis til þeirra sem skipaðir eru í embætti **samkvæmt** lögum 70/1996. Getur það vart verið ætlunin að gera þá embættismenn þjóðkirkjunnar, sem hlutu skipun í gildistíð eldri starfsmannalaga (frá 1954), verr setta en þá sem hlutu skipun í gildistíð núgildandi starfsmannalaga frá 1996.

Er hér með kallað eftir skýringum ráðuneytisins á þessu misræmi og hvað það eigi að fela í sér.

Sá er hér ritar hefur gert athugasemd við umrætt misræmi í umsögn til Alþingis og hefur hann jafnframt verið boðaður á fund allsherjar- og menntamálanefndar á þriðjudaginn kemur, 4. maí, til að fjalla um frumvarpið. Er afar brýnt að ráðuneytið geri sem allra fyrst grein fyrir því sem býr að baki þessu misræmi þar sem óbreytt orðalag frumvarpsins getur hæglega haft í för með sér alvarlegan túlkunarágreining.

Þann 4. maí sl. barst eftirfarandi svarpóstur frá Fanney Óskarsdóttur, dómsmálaráðuneytinu:

Sæll og blessaður Kristinn

Ég vil þakka þér fyrir þessa ábendingu, sem ég tel vera réttmæta. Breytingin virðist hafa komið við lokavinnslu frumvarpsins, án athugasemda. Ráðuneytið hefur komið því á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd að það telji rétt að færa textann í fyrra horf.

Bestu kveðjur

Fanneý

Fram kemur í þessum samskiptum að ráðuneytið telur ábendinguna *réttmæta* og með því að vísa til þeirra í þessari viðbótarumsögn vill sendandi undirstrika mikilvægi þess athugasemdir hans, sem og stjórnar Prestafélags Íslands, verði teknar til greina og að 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis fyrirliggjandi frumvarps verði breytt í meðförum Alþingis á þann veg að **ekki** verði í því talað um það starfsfólk þjóðkirkjunnar er var skipað *samkvæmt* 1. nr. 70/1996 heldur verði í ákvæðinu talað um það starfsfólk þjóðkirkjunnar „*sem var skipað í embætti í skilningi laga*“ nr. 70/1996.

Til viðbótar skal svo lögð áhersla á að í núgildandi lögum um þjóðkirkjuna, 1. nr. 78/1997, **er nú þegar** í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis XII talað um það starfsfólk þjóðkirkjunnar er hafði hlotið embættisskipun *í skilningi* umræddra starfsmannalaga en 2. mgr. er svohljóðandi:

*„Það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, við gildistöku laga þessara heldur þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiðir út skipunartíma sinn, en að öðru leyti fer um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi.“*

Fær sendandi ekki séð að nokkur ástæða sé til þess að hverfa frá þegar gildandi orðalagi í lögum um réttarstöðu þeirra embættismanna þjóðkirkjunnar er skipaðir voru áður en lög nr. 153/2019 tóku gildi enda hlýtur bráðabirgðaákvæðinu, rétt eins og áður, að vera ætlað ágreiningslaust að ná til allra er fyrr höfðu hlotið skipun í embætti.

Virðingarfyllst,

Kristinn Jens Sigurþórsson,  
kt. 160461-2259

netfang [kristinniens@icloud.com](mailto:kristinniens@icloud.com)  
sími: 862-9761

## Umsögn um þingskjal 996 – 587. mál á 151. löggjafarþingi 2020-2021

### Frumvarp til laga um þjóðkirkjuna.

**Sendandi:** Kristinn Jens Sigurþórsson (kt. 160461-2259).

Með umsögn þessari vill sendandi koma á framfæri athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins, er ber yfirskriftina „*jafnræði og lýðræði*,” og lokaákvæði frumvarpsins, sem er bráðabirgðaákvæðið:

- a) Í **4. gr. frumvarpsins**, sem ber yfirskriftina „*jafnræði og lýðræði*” er að finna mjög opið og almennt orðað ákvæði um að þjóðkirkjan skuli í starfsháttum sínum „*halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis*.” Er ákvæðið svo opið að jaðrar við að það geti þýtt nánast allt og ekkert. Athyglisverð er hér notkun orðsins „*jafnræði*” og verður að ætla að hér sé vísað til bæði jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar (65. gr.) og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga (11. gr.). Af þessum sökum vekur athygli að í athugasemdum frumvarpsins við 4. greinina er einungis sagt að starfsfólk þjóðkirkjunnar skuli „*meðal annars hafa hliðsjón af meginreglum almennrar stjórnsýslu*.” Verður að telja eðlilegt að í lagagreininni sé skýrt kveðið á um að þjóðkirkjan lúti stjórnsýslulögum sem og upplýsingalögum, svo ekkert fari á milli mála um skyldur þjóðkirkjunnar í þessum efnum. Er á það að benda að meirihluti landsmanna tilheyrir þjóðkirkjunni [ennþá] auk þess sem hún nýtur sérstakrar verndar í stjórnarskrá. Sérstaða þjóðkirkjunnar er því mjög mikil og umfram flestar aðrar stofnanir. Með lögunum verða þjóðkirkjunni færð mikil völd, sem teygja sig til allra byggðalaga og ná til þorra þjóðarinnar. Þarf þjóðkirkjan í störfum sínum ekki einungis að huga að eigin hagsmunum heldur einnig hagsmunum annarra auk þess sem hún annast umsjón margvíslegra verðmæta, sem mörg hver teljast til menningar- og þjóðarverðmæta. Það er því afar áriðandi að starfshættir og stjórnsýsla þjóðkirkjunnar sé aðgengileg og gegnsæ og fátt tryggir það eins vel og skýrt ákvæði um að þjóðkirkjan lúti bæði stjórnsýslulögum og upplýsingalögum. Umrædd 4. gr. gæti sem best haft yfirskriftina: *Starfshættir og stjórnsýsla* og síðan hljóðað á eftirfarandi veg: *Þjóðkirkjan lýtur bæði stjórnsýslulögum og upplýsingalögum og skal í öllum starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis*.

- b) Í **ákvæði til bráðabirgða** er kveðið á um að starfsfólk þjóðkirkjunnar, sem var í embætti samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 við gildistöku 2. mgr. 19. gr. 1. nr. 153/2019, haldi réttindum og skyldum, sem af embættisskipuninni leiðir, út skipunartíma sinn. Um mjög mikilvægt ákvæði er að ræða og því full ástæða til að huga vel að orðalagi þess þannig að ekki þurfi að fara í grafgötur með til hverra ákvæðinu er ætlað að ná. Í þessu sambandi verður að draga fram eftirfarandi:

Kirkjuþing samþykkti drög að nýjum heildarlögum fyrir þjóðkirkjuna og voru þau lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda. Í drögum samráðsgáttarinnar var að finna eftirfarandi ákvæði, sjá 2. mgr. 13. gr:

*“Starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti í **skilningi laga** um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, við gildistöku 2. mgr. 19. gr. laga, nr. 153/2019, heldur þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiðir út skipunartíma sinn, en að öðru leyti fer um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi.”* Er um afar ásættanlega framsetningu að ræða.

Í því frumvarpi er hér liggur fyrir um þjóðkirkjuna (587. mál) gætir hins vegar misræmis við umrætt orðalag í drögum kirkjuþings, er lögð voru fram í samráðsgátt, og er nú talað um það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var „skipað í embætti **samkvæmt** lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996...“, sjá 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis frumvarpsins.

Hér verður að draga fram að unnt er hártoga orðalag fyrirbyggjandi frumvarps og túlka á þann hátt að því sé einungis ætlað að ná til þeirra er skipaðir voru í embætti á grundvelli laganna frá árinu 1996 en ekki þeirra er hlotið hafa embættisskipun á grundvelli eldri starfsmannalaga, sem eru frá árinu 1954. Verður Alþingi að gæta þess vandlega að bráðabirgðaákvæðið verði þannig fram sett að ekki felist í því ójöfnuður þeirra er skipaðir voru fyrir eða eftir gildistöku starfsmannalaganna árið 1996.

Þá er ástæða til að benda á að þessi breyting frá því er fram kemur í samráðsgátt fær enga umfjöllun í greinargerðinni með frumvarpinu og er hún ekki skýrð með nokkrum hætti, eins og edlilegt hefði verið að gera ef ætlunin hefði verið að breyta merkingunni. Verður að ætla að umræddu bráðabirgðaákvæði, er hér liggur fyrir í frumvarpi, sé ætlað að tryggja rétt þeirra sömu og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 153/2019 (sem breyttu m.a. lögum um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar) var ætlað að ná til.

Ákvæði 2. mgr. 19. gr. laga 153/2019 er svohljóðandi:

*Það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, við gildistöku laga þessara heldur þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiðir út skipunartíma sinn, en að öðru leyti fer um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi.*

Um ákvæðið segir í greinargerð:

*Lagt er til að það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, haldi þeim réttindum og skyldum sem leiða af skipuninni út skipunartíma sinn við gildistöku laga þessara. Í ljósi þess að skipunartími starfsfólks er misjafn er gert ráð fyrir því að þegar kirkjuþing hefur samþykkt og birt starfsreglur sínar geti þær átt við um starfskjör viðkomandi það sem eftir lifir skipunartíma hans. Því fólki sem skipað er tímabundið verður boðinn ráðningarsamningur að skipunartíma loknum. Það fólk sem er skipað ótímabundið heldur þeirri skipun uns það lætur af störfum.*

Þegar lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 tóku gildi leystu þau af hendi eldri starfsmannalög nr. 38/1954. Var nýju starfsmannalögunum ekki ætlað að skerða þann rétt sem starfsmenn og embættismenn, sem ráðnir eða skipaðir höfðu verið í gildistíð laganna frá 1954, höfðu þá þegar. Nægir að vísa til athugasemda í greinargerð með bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996 þar sem segir:

*Í ákvæðinu er mælt svo fyrir að þeir starfsmenn ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laganna, haldi áunnum, stjórnarskrárvörðum réttindum sínum.*

Við skoðun á bráðabirgðaákvæði þess frumvarps er hér liggur fyrir má hins vegar álykta sem því sé einungis ætlað að ná til þeirra sem uppfylla það skilyrði vera skipaðir í embætti innan þjóðkirkjunnar **á grundvelli laga** um réttindi starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, hinn 1. janúar 2020 (en þá tóku lög nr. 153/2019 gildi).

Vegna þessa er rétt að benda á að orðalag bráðabirgðaákvæðis frumvarpsins „...að vera skipuð í embætti innan þjóðkirkjunnar **samkvæmt** lögum um réttindi starfsmanna ríkisins...“ er ekki það sama og í 2. mgr. 19. gr. þar sem segir „...sem var skipað í embætti í **skilningi** laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996...“ en slíkt getur hæglega valdið túlkunarágreiningi sem vart getur talist æskilegur.

Í bráðabirgðaákvæðinu má ætla að horfið sé frá því að vísa til þess að ákvæðið eigi að tryggja rétt allra þeirra sem skipaðir hafa verið í embætti í **skilningi** starfsmannalaga og að það nái nú einungis til þeirra sem skipaðir voru í embætti **á grundvelli starfsmannalaganna frá 1996**. Verður hér að gera athugasemd við orðið „samkvæmt“ í fyrstu setningu bráðabirgðaákvæðisins enda með öllu ótækt að þeir embættismenn innan þjóðkirkjunnar sem hlutu skipun í gildistíð eldri starfsmannalaga (frá 1954) séu á einhvern hátt verr settir en þeir sem hlutu skipun eftir að ný starfsmannalög tóku gildi árið 1996.

Í ljósi þess er að framan segir mætti fyrsta setning bráðabirgðaákvæðisins því sem best vera svohljóðandi:

*Starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti í **skilningi** laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, við gildistöku 2. mgr. 19. gr. um breytingu á lögum um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 153/2019, heldur þeim réttindum og skyldum sem afskipuninni leiðir út skipunartíma sinn, en að öðru leyti fer um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi.*

Undirritaður tekur að lokum fram að hann er reiðubúinn til að koma til fundar hjá allsherjar- og menntamálanefnd og ræða innihald frumvarpsins og þess sem hér hefur verið gert að umfjöllunarefni.

Kópavogi 28. apríl 2021  
Kristinn Jens Sigurþórsson

**Stjórn Prestafélags Íslands 3. maí 2021**  
**587. mál. Frumvarp til laga um þjóðkirkjuna.**

Stjórn Prestafélags Íslands fagnar nýju frumvarpi að Þjóðkirkjulögum og þeim eðlilegu skrefum sem þar eru stigin á grundvelli núgildandi laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar 78/1997. Eftirfarandi viljum við koma á framfæri:

4. gr.

*Jafnræði og lýðræði.*

Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis.

Í þessari grein er kveðið skýrt á um að þjóðkirkjan haldi í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis en kveða mætti skýrar að orði því þjóðkirkjan þarf að sjálfsögðu einnig að stunda góða stjórnarsýsluhætti. Stjórn Prestafélagsins sér hagsmunum presta þjóðkirkjunnar best borgið með því að þjóðkirkjan lúti bæði stjórnarsýslu- og upplýsingalögum. Fjórða grein gæti því hljómað þannig:

4. gr.

*Jafnræði, lýðræði og stjórnarsýsluhættir.*

Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis, lýðræðis og góðra stjórnarsýsluhátta. Þjóðkirkjan skal starfa samkvæmt gildandi stjórnarsýslu- og upplýsingalögum hverju sinni.

Einnig vekur athygli orðalagsbreyting í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins en það er í núverandi mynd sem hér segir:

*Starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.*

Hér er um óútskýrða orðalagsbreytingu að ræða frá orðalagi þeirra frumvarpsdraga sem kirkjuþing samþykkti og lagt var fram í samráðsgátt stjórnalda. Þar segir:

*“Starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti í **skilningi laga** um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.*

Skipun í embætti í **skilningi laga**...nr. 70/1996 býður upp á aðra túlkun en þar sem talað er um það skipa í embætti **samkvæmt** lögum.

Orðalagið að vera **skipaður samkvæmt lögum** getur valdið þeim misskilningi að einungis sé átt við þá sem skipaðir hafa verið í tíð gildandi laga. Hins vegar tekur orðalagið **skipaður í skilningi laga** af öll tvímæli um að einnig sé átt við þá embættismenn er hlutu skipun áður en lög nr. 70/1996 tóku gildi.

Breytta orðalagið (**samkvæmt**) býður upp á hártoganir á þann veg að verðandi lög nái einungis til þeirra sem hlutu skipun á grundvelli laga nr. 70/1996 en gildi ekki um aðra, þ.e. þá er hlutu skipun á grundvelli eldri laga frá 1954. Mikilvægt er að orðalag laga sé skýrt og óvæfengjanlegt og því fer stjórn Prestafélags Íslands þess á leit að horfið verði aftur til fyrra orðalags sem lagt var fyrir kirkjuþing og síðan lagt fram í samráðsgátt, en þar er kveðið á um það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem skipað var í embætti í **skilningi laga** nr. 70/1996.

Ástæða til að rifja upp að í þeim lögum segir í 1. gr.:

*Lög þessi taka til hvers manns sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins til lengri tíma en eins mánaðar, án tillits til þess hvort og þá hvaða stéttarfélagi hann tilheyrir, enda verði starf hans talið aðalstarf.*

*Fh. stjórnar Prestafélags Íslands,*

---

*Ninna Sif Svavarsdóttir, formaður*



## Umsögn Vantrúar um frumvarp til laga um Þjóðkirkjuna

Vantrú er ósammála þeirri meginstefnu frumvarpsins að staða Þjóðkirkjunnar verði óbreytt. Alþingi mun áfram setja rammalög um starfsemi Þjóðkirkjunnar og henni er tryggð sérstök forréttindastaða í lögum.

Samkvæmt frumvarpinu er megingilgangur þess að einfalda regluverkið og auka sjálfstæði Þjóðkirkjunnar með því að færa ákvörðunarvald í ýmsum málefnum til kirkjupings.

Við sjáum enga ástæðu af hverju það má ekki einfalda regluverkið og auka sjálfstæði Þjóðkirkjunnar með þeim hætti að afnema þjóðkirkjulögin í heild sinni og færa Þjóðkirkjunni þannig enn meira sjálfstæði. Engin útskýring er í frumvarpinu af hverju sú leið er ekki farin.

Kirkjuping samþykkti fyrri útgáfu þessa frumvarps, þannig að líklegt er að þau myndu setja sér efnislega eins reglur án aðkomu Alþingis.

Að því sögðu þá er samt heilmikið í lögunum sem er í mótsögn við yfirlýst markmið laganna:

- stór hluti frumvarpsins eru nýmæli, sem ganga þvert á það markmið að einfalda regluverkið og um leið geta þessi nýmæli skert sjálfstæði Þjóðkirkjunnar meira en í núverandi fyrirkomulagi
- sumt í frumvarpinu varðar atriði sem þegar er mælt fyrir um í starfsreglum kirkjupings
- sum atriði í frumvarpinu varða málefni sem átti sérstaklega að færa yfir til Þjóðkirkjunnar í yfirstandandi breytingum á sambandi ríkis og kirkju: starfsmannamál og fjármál
- sumt í frumvarpinu eru endurtekningar á atriðum sem eru annars staðar í lagasafninu
- það vantar rökstuðning fyrir því hvers vegna einstök atriði þurfa að vera ákveðin í lögum frá Alþingi frekar en í starfsreglum sem Þjóðkirkjan setur sér sjálf á kirkjuping
- sum atriði í frumvarpinu varða málefni sem almennt er talið vafasamt að ríkisvaldið ákveði, jafnvel hjá trúfélögum í forréttindastöðu, t.d. atriði sem varða trúarjátningar og trúarkenningar trúfélaga

Sem dæmi þá er 3. grein frumvarpsins nýmæli sem setur miklar auknar skyldur á Þjóðkirkjuna sem hefur hingað til verið algerlega á hennar sjálfræði. Þetta er atriði sem gengur algerlega gegn yfirlýstu markmiði frumvarpsins og enginn rökstuðningur er gefinn fyrir þessu.

Við hvetjum Alþingi að fara vandlega yfir einstaka greinar frumvarpsins og afnema þær greinar sem er ekki nauðsyn á og leyfa Þjóðkirkjunni sjálfri að ráða þeim málum nema það séu mjög góð rök fyrir því að Alþingi þurfi að festa það í lög.

Með fylgir greinargerð við einstaka greinar þar sem við bendum á hvernig ofangreindir gallar eiga við einstaka greinar frumvarpsins og rökstyðjum brottfall þeirra.

## Athugasemdir við einstaka greinar

### 1. gr.

#### *Skilgreining*

Þjóðkirkjan á Íslandi er evangelískt lúterskt trúfélag.

Það er vafasamt að Alþingi sé að festa í lög á hvaða játningargrundvelli trúfélag sem á að vera sjálfstætt starfar - í greinargerðinni eru meira að segja taldar upp þau einstaka játningarrit sem vísað er til. Á sama hátt og Alþingi ákveður ekki að Félag múslíma skuli vera aðhyllast súnni-trú er vafasamt að Alþingi ákveði að Þjóðkirkjan skuli vera evangelísk lútersk.

Þar að auki hefur Þjóðkirkjan þegar sett sér starfsreglur er varða játningargrunn Þjóðkirkjunnar í 1. kafla [Samþykktu um innri málefni þjóðkirkjunnar](#).

Einnig er þegar sagt í 62. grein stjórnarskrárinnar að Þjóðkirkjann sé evangelísk lútersk - og engin ástæða til að endurtaka það í þessum lögum.

Við sjáum ekki nauðsyn þess að taka fram að Þjóðkirkjan sé trúfélag - og þess vegna mætti öll greinin falla á brott. En ef það er talið nauðsynlegt, þá ætti að minnsta kosti að fella út orðin "evangelískt lúterskt".

**Tillaga:** 1. grein falli brott eða orðin "evangelískt lúterskt" falli brott.

### 2. gr.

#### *Réttarstaða kirkjunnar.*

Um stöðu þjóðkirkjunnar fer samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 62. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944.

Um tengsl þjóðkirkjunnar og ríkisins fer samkvæmt þeim lögum og samningum sem eru í gildi hverju sinni er varða samskipti þjóðkirkjunnar og ríkisins, sbr. og 1. mgr. þessarar greinar og 3. mgr. 3. gr.

Þjóðkirkjan ræður starfi sínu og skipulagi innan lögmæltra marka.

**1. mgr.** er nýmæli og óþarfi.

Ákvæði stjórnarskrárinnar um Þjóðkirkjuna eiga við um hana, hvort sem það er tekið fram í þessum lögum eða ekki.

Í greinargerðinni er þetta réttlætt með því að segja að með því að vísa í ákvæði stjórnarskrárinnar sé "ekki nauðsyn að nefna sérstaklega að ríkisvaldinu beri að styðja og vernda þjóðkirkjuna" - en engin útskýring er gefin af hverju það þarf yfir höfuð að endurtaka innihald 62. greinar stjórnarskrárinnar í þessum lögum.

**2. mgr.** er nýmæli og óþarfi.

Lög sem eru í gildi og varða samskipti Þjóðkirkjunnar og ríkisins eiga að sjálsögðu við um tengsl Þjóðkirkjunnar og ríkisins. Það er engan veginn ljóst hvers vegna það þarf að taka það fram að lög sem eru í gildi séu gild.

Svipaða sögu má segja um samninga milli Þjóðkirkjunnar og ríkisins. Þeir sem eru í gildi og varða samskipti Þjóðkirkjunnar og ríkisins ákvarða auðvitað tengsl ríkisins og Þjóðkirkjunnar - óháð því hvort það sé tekið fram í þessum lögum eða ekki.

Enginn rökstuðningur er fyrir nauðsyn þessara nýmæla í greinargerðinni.

**3. mgr.** er að sumu leyti efnislega eins og 5. gr. núgildandi laga - en við teljum hana óþarfi.

Það er almennt þannig að trúfélög og önnur félög ráða sér sjálf innan lögmæltra marka. Það er engin ástæða til að taka það fram sérstaklega að sú almenna regla gildi líka um Þjóðkirkjuna

**Tillaga: 2. grein falli brott.**

### **3. gr.**

#### *Þjónusta*

Þjóðkirkjunni ber að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni. Prestar og djáknar gegna vígðri þjónustu í þjóðkirkjunni.

Þá heldur þjóðkirkjan úti ýmiss konar fræðslu og kærleiksþjónustu, eftir því sem við verður komið.

Stjórnvöld geta leitað til þjóðkirkjunnar í störfum sínum telji þau þess þörf.

**1. mgr. og 2. mgr.** eru nýmæli og mjög víðamikil breyting sem vinnur gegn markmiðum laganna:

- sem nýmæli þá gengur það þvert á markmið um að einfalda regluverkið
- þarna er ríkið að leggja nýjar og meiri skyldur á Þjóðkirkjuna
- það dregur úr sjálfstæði Þjóðkirkjunnar varðandi starfsemi sína
- þetta varðar starfsmannamál Þjóðkirkjunnar

Í núverandi lagaumhverfi ræður Þjóðkirkjan því sjálf hvort hún haldi úti "vígðri þjónustu á landinu öllu" og tryggi að "allir landsmenn geti átt kost á henni" eða ekki. Við sjáum enga ástæðu til þess að Alþingi þvingi hana nú með lögum að framkvæma það sem hún gerir núna að sjálfsdáðum. Þetta er ákvörðun sem að sjálfstætt trúfélag á að ákveða sjálft.

Eins og fram kom í umræðum við þetta frumvarp á Kirkjubígingi 2020, þá mun samþykki þessarar greinar geta réttlætt fjárstuðning til Þjóðkirkjunnar. Kirkjan gæti á grundvelli þess að ríkið skyldi hana til þess að starfa á landinu öllu átt tilkall til einhverra fjárframlaga til að geta uppfyllt þessa nýju skyldu.

Seinni setning málgreinarinnar tengist starfsmannamálum Þjóðkirkjunnar og það er engan veginn ljóst hvers vegna þörf er á því að taka fram að prestar og djákna eigi að sinna þessu starfi. Það ætti að vera Þjóðkirkjunnar sjálfar að ákveða hvaða starfsmenn hún vill að sinni þessu og hún hefur þegar ítarlegar starfsreglur frá kirkjuþingi um presta (nr. 1110/2011) og djákna (nr. 738/1998).

Í greinargerðinni eru þessi nýmæli réttlætt með þeim orðum að: “Mikilvægt er að leggja áherslu á að með auknu sjálfstæði Þjóðkirkjunnar fylgir ábyrgð á því að allir landsmenn geti átt aðgang að þjónustu hennar eftir því sem þeir kjósa og aðstæður leyfa á hverjum stað og tíma.”

Þetta eru undarleg rök í ljósi þess að Þjóðkirkjan hefur þegar sjálfstæði í þessu máli. Þjóðkirkjan ræður því núna hvort hún starfar á öllu landinu eða ekki og hvort allir landsmenn geti átt aðgang að þjónustu hennar (hún er einungis skyldug til að veita meðlimum sínum þjónustu núna skv. 49. gr. núgildandi Þjóðkirkjulaga).

Hér er verið að draga úr sjálfstæði Þjóðkirkjunnar með þeim rökum að það sé verið að gefa henni meira sjálfstæði.

Það er heldur ekki útskýrt hvers vegna þetta er mikilvægt. Af hverju getur Þjóðkirkjan ekki áfram ráðið því hvar hún vill starfa, hvort hún vilji veita öðrum en meðlimum sínum þjónustu og hvernig þjónustu hún vill veita?

**3 mgr.** er nýmæli.

Hingað til hefur ekki verið talið nauðsyn á því við breytingum á þessum lögum að taka það sérstaklega fram að stjórnvöldum sé áfram heimilt að eiga áfram eitthvað ótilgreint samstarf við Þjóðkirkjuna (í greinargerðinni er til dæmis minnst á setningu Alþingis) - við vitum ekki hvers vegna það er talin sérstök nauðsyn núna, og það er ekki útskýrt í greinargerðinni.

**Tillaga: 3. grein falli brott.**

#### **4. gr.**

##### *Jafnræði og lýðræði.*

Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis.

Þessi grein er nýmæli.

Það ætti að vera ákvörðun sjálfstæðs trúfélags að ákveða hvort það vilji starfa á lýðræðislegum eða jafnræðislegum grundvelli eða ekki. Í greinargerðinni er ekki útskýrt hvers vegna það er talið nauðsynlegt að Alþingi skyldi Þjóðkirkjuna til að byggja starfshætti sína á þessum grundvallarreglum - sérstaklega þar sem kirkjuþing myndi örugglega samþykkja svona reglu.

Í greinargerðinni er sagt að þetta sé sett í lög til að undirstrika "mikilvægi þess að starfsfólk þjóðkirkjunnar skuli í öllum sínum störfum leggja veigamikla áherslu á að halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis".

Svo er reyndar tekið fram að Þjóðkirkjan hefur þegar sett sér [ítarlega jafnréttisstefnu](#), þannig að það er ekki ljóst hvers vegna Þjóðkirkjunnar er ekki treystandi til þess að sjá um jafnréttismálin sjálf.

**Tillaga: 4. grein falli brott.**

### 5. gr.

#### *Innganga og úrsögn úr þjóðkirkjunni.*

Um inngöngu í þjóðkirkjuna og úrsögn úr henni fer skv. 8. og 9. gr. laga um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, nr. [108/1999](#), eftir því sem við getur átt.

Þessi grein er nýmæli.

Það er engan veginn ljóst hver talin er nauðsyn þessara nýmæla. Það er ekkert fjallað um úrsögn og inngöngu í þjóðkirkjuna í núverandi þjóðkirkjulögum og engin sérstök ástæða til að bæta því í nýju útgáfuna.

Eins og fram kemur í greinargerðinni þá "hafa þessi skráningarmál um inngöngu og úrsögn færest alfarið yfir á hvern og einn einstakling án atbeina presta eða forstöðumanna viðkomandi félaga" og að í dag taki "Þjóðskrá Íslands að jafnaði við þessum tilkynningum á rafrænan hátt". Ákvæðin sem vísað er á í þessari grein eru því að miklu leyti úrelt.

Raunin er að þessi ákvæði laganna gilda þegar um þjóðkirkjuna, eftir því sem við getur átt (til dæmis þegar kemur að sjálfkrafa skráningu barna við fæðingu). Það er því engin þörf á þessum nýmælum.

**Tillaga: 5. grein falli brott.**

### 6. gr.

#### *Söfnuðir og sóknir.*

Söfnuður er félagsleg og fjárhagsleg grunneining þjóðkirkjunnar.

Söfnuður á tilteknu landsvæði myndar sókn. Ein eða fleiri sóknir mynda prestakall.

Sóknarbörn eru öll þau sem lögheimili eiga í sókn og eru skráð í þjóðkirkjuna.

Þjóðskrá Íslands skal árlega, miðað við 1. desember, standa þjóðkirkjunnar skil á skrá yfir nöfn, kennitölur og fjölda sóknarbarna sem lögheimili eiga í hverri sókn fyrir sig. Um greiðslur fyrir skrána fer eftir gjaldskrá skráarhaldara. Sama gildir um greiðslur óski þjóðkirkjan tíðari upplýsinga og fyllri um sóknarbörn sín.

1. - 3. mgr. varða innra skipulag Þjóðkirkjunnar og skilgreina "söfnuð", "sókn", "prestakall" og "sóknarbarn". Það er engin ástæða gefin í greinargerðinni fyrir því hvers vegna þessar skilgreiningar eiga ekki einfaldlega heima í reglum sem Kirkjuþing setur. Sem dæmi þá heitir annar kafli í [Samþykktum um innri málefni Þjóðkirkjunnar](#) "Grunneining kirkjunnar" og þar er fyrsti undirkafli "Sókn og söfnuður". Það væri afskaplega einfalt fyrir kirkjuþing að setja þessar skilgreiningar þar.

4. mgr. er nýmæli.

Að gefa skráðum trú- og lífsskoðunarfélögum yfirlit yfir þá sem eru skráðir í viðkomandi félag hjá Þjóðskrá getur verið réttlætanlegt, þar sem viðkomandi félag getur viljað takmarka þjónustu við þá sem styrkja félagið þannig fjárhagslega eða þá að þau vilja sannreyna að upphæð sóknargjalda sé rétt.

En við sjáum enga ástæðu fyrir því að gefa einungis Þjóðkirkjunni þessar upplýsingar. Ef þetta er talið nauðsynlegt á þetta frekar heima í lögum um sóknargjöld og eiga einnig við um skráð trú- og lífsskoðunarfélag.

Til að einfalda þetta fyrirkomulag mætti svo greiða sóknargjöldin til Þjóðkirkjunnar sjálfar en ekki sókna - eins og þegar gert er vegna sumra einstaklinga (sbr. 3. tölulöð 3. gr. laga um sóknargjöld) - og láta Þjóðkirkjuna sjálfa sjá um að skipta þeim á milli söfnuða hennar. Það þyrfti bara litla breytingu á [lögum um sóknargjöld](#) (breyta "þjóðkirkjusöfnuðir" í "Þjóðkirkjan" eða "Þjóðkirkjan-Biskupsstofa"). Þetta myndi einfalda fjárhagsleg samskipti og regluverkið töluvert. Með þessari breytingu væru hugtökin söfnuðir, sóknir og munurinn þar á milli alfarið óháð landslögum - og þetta myndi leysa það vandamál sem bent er á í umsögn [Þjóðskrár um frumvarpið](#).

**Tillaga 1:** 1-4. málsgreinar falli brott, en ef 4. málsgrein er talin nauðsynleg þá fari hún frekar inn í lög um sóknargjöld og nái einnig til skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga.

**Tillaga 2:** orðin "þjóðkirkjusafnaða" í heiti 1. kafla, "Þjóðkirkjusöfnuðir" í 1. gr, "þjóðkirkjusafnaða" í 2. gr. og "þess safnaðar sem hann tilheyrir" í 3. gr. laga um sóknargjöld nr. 91/9187 breytist í "Þjóðkirkjan".

## 7. gr.

### Kirkjuþing

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárstjórnarvald, nema lög kveði á um annað. Kirkjuþing markar stefnu þjóðkirkjunnar í sameiginlegum málefnum hennar, öðrum en þeim sem lúta að kenningu hennar.

Kosið skal til kirkjuþings leynilegri kosningu til fjögurra ára í senn. Á kirkjuþingi skulu leikmenn vera fleiri en vígðir. Kirkjuþing kýs þingforseta úr röðum leikmanna

Þingsins og tvo varaforseta með sama hætti. Saman mynda þeir forsætisnefnd kirkjubings. Forseti kirkjubings boðar til þingsins.

Við afgreiðslu mála á kirkjubingi er varða fjárstjórnarvald skulu þeir þingfulltrúar, sem hagsmuna hafa að gæta í tilteknu máli, víkja sæti. Um sérstakt hæfi þingfulltrúa fer eftir starfsreglum kirkjubings, sbr. 1. mgr. 8. gr. Má í þeim reglum kveða svo á um að þingið sé ályktunarhæft, óháð fjölda fulltrúa, við afgreiðslu þeirra. Rísi ágreiningur um túlkun þessarar málsgreinar sker forseti þingsins úr.

**1. mgr.** Þessi málsgrein er að miklu leyti eins og 20. gr. núgildandi laga.

Við skiljum vel að Alþingi vilji að kirkjubing sé æðsti valdhafinn innan Þjóðkirkjunnar en við teljum ekki að þetta sé atriði sem Alþingi eigi að ákveða heldur Þjóðkirkjan sjálf. Hvers vegna á Alþingi til dæmis að ákveða að kirkjubing megi ekki vera æðsta valdið í málefnum sem varða trúaratriði Þjóðkirkjunnar?

Það væri einfaldara að afsala þetta vald með því að setja það inn í bráðabirgðaákvæðið að Kirkjubing ákveði skipulag Þjóðkirkjunnar í starfsreglum þangað til lögin taka gildi. Kirkjubing gæti þá einfaldlega samþykkt samhljóða starfsreglur ef það er vilji þess.

**2. mgr.** Þjóðkirkjan hefur þegar sett sér sjálf reglur um öll atriði þessarar málsgreinar.

Í [starfsreglum um kjör til kirkjubings nr. 1075/2017](#) er þegar tekið fram að "Kosning til kirkjubings fer fram á fjögurra ára fresti" (1. gr) og ítarlegar reglur eru um það hvernig hún fer leynilega fram með leynilegum hætti í 12. og 13. greinum starfsreglnanna.

Í [starfsreglum um þingsköp kirkjubings nr. 949/2009](#) er nákvæm samsetning kirkjubings ákveðin, þar sem leikmenn eru fleiri en vígðir: "eiga sæti 29, fulltrúar, 12 vígðir og 17 leikmenn".

Í 8. grein sömu starfsreglna eru nákvæmlega sömu reglur og í frumvarpinu varðandi forseta kirkjubings, varaforseta og forsætisnefnd:

Að lokinni afgreiðslu kjörbréfa kýs kirkjubing skriflega og í óbundinni kosningu forseta og fyrsta og annan varaforseta úr röðum leikmanna. Saman mynda þeir forsætisnefnd kirkjubings.

Í 1. grein sömu reglna er sagt að "[f]orseti kirkjubings boðar kirkjubing árlega saman til fundar á haustmánuðum með eigi skemmri fyrirvara en eins mánaðar".

Það er ekki útskýrt hvers vegna það er talið nauðsynlegt að Alþingi fastsetji allt þetta í þessum lögum, þegar kirkjubing hefur þegar sett sér sömu reglur í sínum eigin starfsreglum.

**3. mgr.** Þetta er nýmæli.

Í greinargerðinni er sagt: “Mikilvægt er að kirkjuþing setji nánari starfsreglur um hvernig standa skuli að ákvörðunum um fjárstjórn kirkjunnar hvað þetta varðar.” Fyrst talið er nauðsynlegt að kirkjuþing setji nánari reglur um þetta teljum við enga ástæðu til þess að hafa almenna reglu í lögum. Þjóðkirkjan getur tekið ákvörðun um það hvort og hvenær hún telur eðlilegt að kirkjuþingsmenn þurfi að víkja sæti eða ekki - enda hefur kirkjuþing þegar sett sér ítarlegar reglur um þingsköp kirkjuþings.

**Tillaga: 7. grein falli brott.**

### 8. gr.

#### *Verkefni kirkjuþings.*

Kirkjuþing setur starfsreglur um málefni þjóðkirkjunnar, þar á meðal um skipulag kirkjuþings, svo sem kjör til þess, kjördæmaskipan, fjölda kirkjuþingsmanna, þingsköp og verkefni þingsins. Enn fremur samþykkir kirkjuþing ályktanir og samþykktir um málefni þjóðkirkjunnar.

Forseti kirkjuþings skal birta starfsreglur, samþykktir og ályktanir kirkjuþings á opnum vef kirkjunnar innan fjögurra vikna frá samþykkt þeirra.

**1. mgr.** Eins og fram kemur í athugasemdum við 7. gr. þessa frumvarps teljum við einfaldara að Alþingi setji inn í bráðabirgðaákvæði að Kirkjuþing setji reglur í stað þeirra reglna sem ekki eiga heima í þessum lögum. Við teljum að það sama gildi um þessa reglu.

Auk þess hefur kirkjuþing þegar sett [starfsreglur um þingsköp kirkjuþings \(nr. 949/2009\)](#) þar sem fram kemur að kirkjuþing setur starfsreglur um málefni þjóðkirkjunnar. Við sjáum enga ástæðu fyrir því að þær starfsreglur dugi ekki.

**2. mgr.** Þetta er nýmæli.

Í greinargerðinni er tekið fram að hingað til hafi starfsreglur kirkjuþings birst í Stjórnartíðindum. Í áður nefndum [starfsreglum um þingsköp kirkjuþings \(nr. 949/2009\)](#) er grein sem fjallar sérstaklega um birtingu starfsreglna og aðrar ákvarðanir þingsins (6. gr). Við sjáum enga ástæðu fyrir þessum nýmælum í lögunum, í staðinn fyrir að kirkjuþing ákveði sjálfst hvernig staðið skuli að birtingu starfsreglna og ályktana þess í þeim starfsreglum, sem yrði vafalaust efnislega svipuð þessu ákvæði.

**Tillaga: 8. grein falli brott.**

### 9. gr.

#### *Frumvörp um kirkjuleg málefni.*



Kirkjubíng hefur að jafnaði frumkvæði að frumvörpum til laga um málefni Þjóðkirkjunnar og leggur til við ráðherra kirkjumála að þau verði flutt á Alþingi.

Ráðherra kirkjumála leitar umsagnar og tillagna kirkjubíngs um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni sem hann hyggst flytja á Alþingi.

**1. mgr.** Við sjáum ekki hvert raunverulegt gildi þessarar málsgreinar er. Þó þessu ákvæði sé sleppt getur kirkjubíng áfram sent erindi til ráðherra kirkjumála og beðið um lagabreytingar. Það er enginn sérstakur réttur tryggður í þessu ákvæði eða einhver fastheldin regla fest í sess.

**2. mgr.** Kirkjubíng getur eins og aðrir gert athugasemdir og tjáð álit sitt á væntanlegum frumvörpum á Samráðsgáttinni eða með því að senda umsagnir til Alþingis. Það er engin ástæða til að tryggja Þjóðkirkjunni sérstakan rétt varðandi þetta.

**Tillaga: 9. grein falli brott.**

#### 10. gr.

##### *Biskupsdæmið*

Ísland er eitt biskupsdæmi. Um biskupskjör fer samkvæmt starfsreglum kirkjubíngs, sbr. 1. mgr. 8. gr.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn Þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjubíng mælir nánar fyrir um.

Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu.

Í greinargerðinni eru þessar reglur um biskupinn réttlættar með því að nauðsyn sé að fjalla um forstöðumann Þjóðkirkjunnar eins og með önnur trúfélög. Ef talin er þörf á því að Þjóðkirkjan hafi ákveðinn forstöðumann, eins og hjá skráðum trúfélögum, ætti það að vera ákvörðun hennar sjálfrar hver það er, frekar en að Alþingi ákveði það. Því eins og fram kemur í greinargerðinni, þá snertir þetta starfsmannamál Þjóðkirkjunnar og eitt af aðal markmiðum laganna er að færa þau mál frekar á hendur Þjóðkirkjunnar. Best væri að láta reglur um forstöðumenn skráðra trúfélaga gilda einnig um Þjóðkirkjuna. En ef Alþingi vill kveða á um að Þjóðkirkjan hafi einhvern forstöðumann þá ætti Þjóðkirkjan að ákveða hver það er, ekki Alþingi.

**1. mgr.** Þjóðkirkjan getur ákveðið hve mörg biskupsdæmi hún vill hafa. Það er engin nauðsyn að ríkið fastsetji þá tölu, jafnvel talið sé nauðsynlegt að ríkið ákveði hver forstöðumaður hennar er.

Kirkjubíng hefur þegar sett ítarlegar [reglur um kjör til biskups \(nr. 333/2017\)](#), við sjáum enga ástæðu til að það sé sérstaklega nefnt í lögnum frekar en að aðrar starfsreglur kirkjubíngs séu nefndar sérstaklega - sérstaklega þar sem að í bráðabirgðaákvæði þessara laga er tekið fram að starfsreglur sem kirkjubíng hefur þegar sett halda gildi sínu.

**2. mgr.** Eins og fram kemur í athugasemdum við 7. gr. þessara laga teljum við einfaldara að kirkjupingi verði veitt vald í bráðabirgaákvæðum laganna til að setja reglur um öll þau ákvæði laganna sem verða felld á brott. Ef sú leið verður farin getur kirkjuping sjálf sett þær reglur sem það vill um yfirstjórn biskupsins án þess að það sé skyldað til þess samkvæmt fyrirmælum frá Alþingi.

**3. mgr.** Við teljum það engan vegin í samræmi við markmið laganna að setja svona nákvæmar reglur um hvað einstaka starfsmaður Þjóðkirkjunnar skuli gera. Þjóðkirkjan getur sjálf ákveðið hvað biskupinn hennar á að aðhafast.

**Tillaga:** *10. grein falli brott - eða 10. gr kallist "Forstöðumaður Þjóðkirkjunnar" og hljóðist svona: "Kirkjuping ákveður hver skuli vera forstöðumaður Þjóðkirkjunnar og um hann gilda sömu reglur og um forstöðumenn skráðra trúfélaga."*

#### 11. gr.

##### *Samningar milli Þjóðkirkjunnar og ríkisins.*

Íslenska ríkið greiðir Þjóðkirkjunni árlega gagngreiðslu á grundvelli samninga milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar til viðbótar öðrum tekjustofnum hennar.

Prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir, eru eign Þjóðkirkjunnar með öllum réttindum, skyldum og kvöðum samkvæmt samningi um prestssetur milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar.

Þessi grein er að efni til mjög lík 3. gr. og 62. gr. núgildandi laga og við teljum hana óþarfa.

Það er engin ástæða til að taka fram í þessu ákvæði að ríkið borgi Þjóðkirkjunni lögbundnar greiðslur. Ef það er ákveðið í einhverjum lögum að borga henni einhverjar greiðslur, þá kemur það fram í þeim lögum og ekki þörf að taka það fram hér að farið verði eftir þeim lögum.

Auk þess sjáum við ekki hvers vegna það er nauðsynlegt að taka fram í þessum lögum að ríkið og Þjóðkirkjan hafi gert með sér samninga og að ríkið greiði Þjóðkirkjunni samkvæmt þeim samningum. Þeir samningar gilda óháð þessum lögum.

**Tillaga:** *11. grein falli brott.*

#### 12. gr.

##### *Gildistaka og lagaskil.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2021.

Frá sama tíma falla úr gildi lög um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, nr.

[78/1997](#).

Um mál sem við gildistöku laga þessara eru til meðferðar hjá úrskurðar- og áfrýjunarnefnd sem starfar á grundvelli 12. og 13. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, nr. [78/1997](#), og mál til meðferðar hjá ráðuneytinu á grundvelli 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. sömu laga fer samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

Engar athugasemdir.

### 13. gr.

#### *Brottfall laga og réttarreglna.*

Í greinargerðinni er útskýrt af hverju ákveðið var að fella ekki Kristinrétt Árna biskups Þorlákssonar úr gildi:

Þá taldi nefndin enn fremur að Kristinréttur Árna biskups Þorlákssonar frá 1275 ætti að standa áfram í lagasafni. Hann væri minning um kristnihald í landinu um aldir og úr því að þessi réttarregla hefði staðið af sér siðaskiptin þá ætti hún að geta lifað enn um sinn.

Við teljum svona hefðarrök ekki gilda ástæðu fyrir því að fella ekki lög úr gildi. Lagasafn á að innihalda lög sem eru í gildi, ekki áhugaverð lög út frá sagnfræðilegu sjónarmiði.

**Tillaga:** við greinina bætist eftirfarandi töluliður:

25. Kristinréttur Árna biskups Þorlákssonar, frá [1275](#)

### Ákvæði til bráðabirgða.

\*\*\*

Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, nr. [78/1997](#), halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.

Eins og minnst hefur verið á í athugasemdum við aðrar greinar, þá viljum við leggja til að hér verði því bætt við að kirkjuþing setji reglur um þau atriði sem fjallað er um viðkomandi greinum, skipulag Þjóðkirkjunnar og hlutverk æðstu stofnana hennar. Þannig að þessi atriði geta flust úr landslögum yfir til Þjóðkirkjunnar án þess að lagatóm eða óvissa skapist varðandi skipulag Þjóðkirkjunnar.

fyrir hönd Vantrúar,  
Hjalte Rúnar Ómarsson, gjaldkeri Vantrúar



Reykjavík, 7. apríl 2021

*Umsögn um frumvarp til laga um þjóðkirkjuna 587. mál 151. löggjafarþings 2020 - 2021.*

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis, dags. 18. mars 2021, þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint mál.

Kirkjuþing 2020 – 2021, samþykkti þann 15. september 2020, að beina því til dómsmálaráðherra að flytja frumvarp til þjóðkirkjulaga, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Frumvarp það til laga um þjóðkirkjuna, sem ráðherra hefur lagt fram, eftir kynningu í samráðsgátt stjórnvalda, samræmist efnislega frumvarpi því sem kirkjuþing afgreiddi samkvæmt framanskráðu.

Biskup Íslands og forseti kirkjuþings hvetja til þess að frumvarpið fái framgang í þeirri mynd sem það var lagt fram á Alþingi af hálfu ráðherra.

Óski allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir að kalla á sinn fund fulltrúa þjóðkirkjunnar vegna athugasemda í fram komnum umsögnum um frumvarpið, eða annara atriða sem varða frumvarpið, er sjálfsagt að verða við því.

Virðingarfyllst, f.h. biskups Íslands og forseta kirkjuþings

Guðmundur Þór Guðmundsson  
Skrifstofustjóri Biskupsstofu

**Alþingi**

Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2021

Tilvísun PÍ: 2021031332/5.12.0

**Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um þjóðkirkjuna. 587. mál**

Þjóðskrá Íslands vísar til erindis Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 18. mars sl., þar sem frumvarp til laga um þjóðkirkjuna, þingskjal 996 - 587. mál. er sent til umsagnar. Athugasemdir stofnunarinnar fara hér á eftir.

**Almennar athugasemdir**

Í upphafi er rétt að geta þess að það er mat Þjóðskrár Íslands að ekki sé til staðar skýr lagaheimild sem skyldar stofnunina að skrá og miðla upplýsingum um sóknir í þjóðskrá. Þjóðskrá Íslands starfar m.a. eftir lögum nr. 70/2018 um Þjóðskrá Íslands og lögum nr. 140/2019 um skráningu einstaklinga. Þjóðskrá Íslands skal með starfsemi sinni gæta upplýsinga um einstaklinga með því að safna, varðveita, uppfæra og miðla þeim upplýsingum á sem öruggastan hátt sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um Þjóðskrá Íslands. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 3. gr. laganna sér stofnunin um þjóðskrá og tengdar skrár. Í 1. mgr. 6. gr. laga um skráningu einstaklinga kemur fram með skýrum hætti hvaða upplýsingar í þjóðskrá eru skráðar. Um er að ræða tæmandi lista. Þar er m.a. að finna skráningu í trú- eða lífsskoðunarfélag, þ.e. hvert gjöld til skráðra trú- eða lífsskoðunarfélaga skuli renna, sbr. 16. tl. 1. mgr. 6. gr. laganna. Í greinargerð frumvarpsins er varð að lögum um skráningu einstaklinga segir um þetta;

*“Þá er rétt að vekja athygli á orðalagi 15. tölul. um hvert sóknargjöld skuli renna. Í daglegu tali hefur verið talað um skráningu í trúfélög hjá Þjóðskrá Íslands en það er villandi. Í skráningunni felst einungis skráning á því hvert sóknargjöld skuli renna samkvæmt ákvæðum laga um sóknargjöld, nr. 81/1987, með síðari breytingum, og lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, nr. 108/1999, með síðari breytingum. Með skráningu trúfélags eða lífsskoðunarfélags í þjóðskrá felst ekki að Þjóðskrá Íslands haldi sérstakt félagatal trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga. Félagatalið er samkvæmt umræddum lögum haldið hjá viðkomandi trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi og þykir því tilefni til að vekja sérstaka athygli á þessu í ákvæðinu”.*

Við almannaskráningu er nauðsynlegt að gæta fyllsta öryggis þeirra gagna sem um er að ræða enda er í mörgum tilvikum um að ræða afar viðkvæmar persónuupplýsingar. Við mat á því hvaða þjóðskrárgögnum er miðlað hverju sinni hefur Þjóðskrá Íslands ávallt í huga að miðla ekki meiri upplýsingum úr þjóðskrá en tilefni er til. Þjóðskrá Íslands skráir ekki fleiri upplýsingar en henni ber skylda til skv. lögum eða reglum.

Þjóðskrá Íslands upplýsti Biskupsstofu og Fjársýslu ríkisins árið 2019 að stofnunin myndi hætta að skrá og miðla úr þjóðskrá upplýsingum um sóknir. Jafnframt var tilkynnt að stofnunin teldi sig reiðubúna til að vinna að lausnum svo hægt væri að skila sóknargjöldum til þjóðkirkjunnar. Í kjölfarið voru haldnir fundir með fulltrúum Biskupsstofu og hefur Þjóðskrá Íslands frestað því að skráningu sókna í þjóðskrá yrði hætt enda hefur samstarf átt sér stað um útfærslu sókna milli stofnananna tveggja. Svo hægt sé að skila sóknargjaldi niður á sóknir var lagt til af hálfu Þjóðskrár Íslands að Biskupsstofa myndi

**Þjóðskrá Íslands**  
**Registers Iceland**

Borgartún 21  
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107  
600 Akureyri

515 5300  
skra@skra.is

skra.is

👤 Fólk 🏠 Fastelgirnir

skila inn landfræðilegum þekjum með afmörkun sókna til stofnunarinnar, þannig væri hægt að skila inn fjölda einstaklinga með skráð lögheimili innan tiltekinna sókna sem skráðir væru í þjóðkirkjuna hverju sinni. Hægt væri að framkvæma gagnakeyrlur sem þessar einu sinni ári eða oftar. Það er á hendi Biskupsstofu að skilgreina mörk sókna en ekki Þjóðskrár Íslands. Þannig ber Biskupsstofu að skila inn breytingum á mörkum sókna, t.d. þegar ný sókn verður til eða þegar að sóknir sameinast. Slíkar breytingar kalla á uppfærslur heimilisfanga í þjóðskrá þ.e. það þarf að breyta sóknum einstaklinga í þjóðskrá. Slíkar uppfærslur taka tíma og kalla á vinnu sérfræðings hverju sinni. Það er mat Þjóðskrár Íslands að gæta þurfi að meðalhófi við hvernig vinnslu og miðlun upplýsinga úr þjóðskrá er háttað. Þá er einnig rétt að geta þess að landfræðileg gögn eru talin betri til afmörkunar svæða, s.s. sókna, í stað þess að sóknarskráningar séu hlutu af skráningu heimilisfanga líkt og tíðkast í dag.

Eins og að ofan getur er það hlutverk Þjóðskrár Íslands að skrá og viðhalda trú- eða lífsskoðunarfélagsaðild einstaklinga í þjóðskrá sbr. 16. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um skráningu einstaklinga. í skráningu felst aðeins hvert sóknargjöld skuli renna samkvæmt ákvæðum laga um sóknargjöld, nr. 81/1987. Ein af stefnum Þjóðskrár Íslands er að vera í fararbroddi í sófnun, varðveislu og miðlun upplýsinga á rafrænu formi. Í þessu felst að tilkynningar um breytingar á skráningu einstaklinga í eða úr trú- eða lífsskoðunarfélagi í þjóðskrá eru í dag meira og minna með rafrænum hætti. Sá sem hyggur á slíka breytingu getur þó ávallt mætt í afgreiðslu Þjóðskrár Íslands og tilkynnt um breytingu þar. Þegar Þjóðskrá Íslands veit landfræðileg þekjumörk sókna er hægt að tilgreina hvaða einstaklingar tilheyra hvaða sókn og þ.a.l. fjölda einstaklinga í sókn. Með þessu getur Fjarsýsla ríkisins skilað sóknargjöldum m.v. 1. desember ár hvert. Þjóðskrá Íslands hefur lýst yfir vilja sínum að leysa þetta mál með viðkomandi aðilum á sem einfaldasta máta svo að sóknargjöld skili sér niður á sóknir, þar sem ekki er að mati Þjóðskrár Íslands lagaskylda til staðar sem segir að stofnuninni beri að skrá sókn einstaklinga í þjóðskrá.

## 6. gr. frumvarpsins, söfnuðir og sóknir

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins myndar söfnuður á tilteknu landsvæði sókn. í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. að þjóðkirkjan muni veita Þjóðskrá Íslands þær upplýsingar sem stofnunin þarfnast svo hægt sé að skrá áfram sóknarbörn í tilteknar sóknir. Svo þetta sé gerlegt þarf þjóðkirkjan að skilgreina sóknir, þ.e. hver mörk sókna eru hverju sinni og koma þeim upplýsingum til Þjóðskrár Íslands. Með því er hægt að skila sóknargjöldum á rétta staði. Það getur ekki verið hlutverk Þjóðskrár Íslands að ákveða sóknamörk. Eins og áður greinir hefur verið samvinna á milli Þjóðskrár Íslands og Biskupsstofu um þessa vinnu. Með þessu er hægt að vinna tölfræði sem skilgreinir fjölda þeirra sem eru skráðir í þjóðkirkjuna í þjóðskrá. Svo að Þjóðskrá Íslands geti skilað inn upplýsingum um fjölda sóknarbarna þjóðkirkjunnar niður á lögheimili þarf þjóðkirkjan að skila sínum gögnum til Þjóðskrár Íslands.

Í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins segir að sóknarbörn eru öll þau sem lögheimili eiga í sókn og eru skráð í þjóðkirkjuna. Í 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins er lagt til að Þjóðskrá Íslands skuli árlega standa þjóðkirkjunni skil á skrá yfir nöfn, kennitölur og fjölda sóknarbarna sem lögheimili eiga í hverri sókn fyrir sig. Verði ákvæði þetta að lögum er um að ræða sérvinnslu skv. gjaldskrá Þjóðskrár Íslands. Ekkert er kveðið á um hvernig slík gögn eigi að flæða á milli Þjóðskrár Íslands og þjóðkirkjunnar. Ber stofnuninni að senda skjal á hverja sókn fyrir sig þar sem finna má upplýsingarnar eða er nóg að afhenda Biskupsstofu þær sem koma

**Þjóðskrá Íslands**  
**Registers Iceland**

Borgartún 21  
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107  
600 Akureyri

515 5300  
skra@skra.is

skra.is

þeim áfram? Það þarf að liggja fyrir með skýrum hætti hvernig og hvert beri að senda listann.

Þjóðskrá Íslands getur, sé þess óskað, mætt á fund Allsherjar- og menntamálanefndar og skýrt umsögn þessa nánar.

**F.h. Þjóðskrár Íslands**



**Indriði Björn Ármannsson**  
lögfræðingur

**Þjóðskrá Íslands**  
**Registers Iceland**

Borgartún 21  
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107  
600 Akureyri

515 5300  
skra@skra.is

**skra.is**